

15.52017

Persónuvernd vísar til beiðni allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis frá 7. apríl 2017 um umsögn stofnunarinnar um frumvarp til laga um vegabréf (þskj. 536, 405. mál á 146. löggjafarþingi).

Frumvarpið gefur ekki tilefni til athugasemda.

F.h. Persónuverndar,



Þórður Sveinsson

Skrifstofustjóri lögfræðisviðs | Head of Legal Department

Persónuvernd | Data Protection Authority

Rauðarárstígur 10, 105 Reykjavík, IS, (+354) 510-9600

www.personuvernd.is

[Fyrirvari | Disclaimer](#)

Frá samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu

Minnisblað til allsherjarnefndar

Minnisblað þetta er ritað að beiðni allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis vegna frumvarps til laga um breytingu á lögum um vegabréf, nr. 136/1998, með síðari breytingum (samningar um framleiðslu vegabréfa). Tilfni beiðinnar er að fram kemur í greinargerð með frumvarpinu að fyrirhugað sé að leigja vegabréfakerfi þegar reyndin er að fyrirhugað er að kaupa kerfið og semja við verksala um að greiða það á átta árum. Mjög brýnt er að frumvarp þetta nái fram að ganga svo hægt sé að hefja útboðsferli sem fyrst.

Það er mat ráðuneytisins að aðalatriðið sé að Þjóðskrá Íslands verði veitt heimild til að gera samninga um vegabréf og framleiðslukerfi fyrir vegabréf til allt að tíu ára svo sem frumvarpið kveður á um. Gert er ráð fyrir að lagaákvæðið muni standa um ókominn tíma og aðstæður geta breyst á tíu árum. Þannig er hugsanlegt að þá verði annað samningsform en kaup eða leiga hagstæðari fyrir ríkissjóð.

Í ljósi ofangreinds hefði verið rétt af hálfu ráðuneytisins að gera grein fyrir því í greinargerð að með ákvæðinu sé átt við að Þjóðskrá Íslands geti gert samninga um vegabréf og framleiðslukerfi fyrir vegabréf til allt að tíu ára eftir því sem hagstætt þykir hverju sinni og að í því felist að um geti verið að ræða leigu á kerfi eða kaup á því eftir atvikum.

Aðalatriðið er að framleiðslubúnaðurinn sé endurnýjaður reglulega og það sé gert með sem hagkvæmustum hætti fyrir ríkissjóð og leitað verði eftir tilboðum í vegabréfabækur og nýtt framleiðslukerfi.

Ráðuneytið lítur svo á að þrátt fyrir orðalag í greinargerð með frumvarpinu sé ekkert því til fyrirstöðu að allsherjar- og menntamálanefnd taki frumvarpið til meðferðar og afgreiðslu. Í nefndaráliti er unnt að gera grein fyrir skýringum ráðuneytisins og kveða þar skýrt á um hvernig standa megi að endurnýjun á kerfinu skv. heimildinni í frumvarpstextanum. Ráðuneytið tekur því fram að:

Frumvarpið felur í sér heimild til handa Þjóðskrá Íslands til að gera samninga um vegabréf og framleiðslukerfi fyrir vegabréf til allt að tíu ára.

Lög um opinber fjármál heimila stofnunum að semja um verkefni og þar með fjárútlát til allt að fimm ára en heimilt er að fara fram á samþykki Alþingis til að semja til lengri tíma en fimm ára og verður það gert með lögum eða heimildargrein í fjárlögum.

Í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að fyrirhugað sé að leigja framleiðslubúnað vegabréfa til átta ára. Á fundi allsherjar og menntamálanefndar þann 2. maí sl. kom fram að fyrirhugað er að kaupa umræddan búnað og dreifa greiðslum á 8 ár. Rétt hefði verið að gera grein fyrir því í greinargerð að Þjóðskrá Íslands geti gert samninga um vegabréf og framleiðslukerfi fyrir vegabréf til allt að tíu ára eftir því sem hagstætt þykir hverju sinni. Samkvæmt orðanna hljóðan er í frumvarpinu kveðið á um að Þjóðskrá Íslands verði heimilt að gera samninga um vegabréf og framleiðslukerfi fyrir vegabréf til allt að tíu ára. Fram hefur komið að mikilvægt sé að núverandi kerfi, sem komið er til ára sinna, verði endurnýjað og hefur Þjóðskrá Íslands nú þegar verið tryggt fjárveiting fyrir nýju vegabréfakerfi miðað við að samið verði til lengri tíma en fimm ára. Rökstuðningur sá sem fram kemur í greinargerð fyrir því að betra sé að semja til lengri tíma eða átta ára í stað fimm ára stendur hvort sem um er að ræða leigu á framleiðslukerfi eða kaup á búnaðinum. Verulegur kostnaður og tími fer í að undirbúa og framkvæma útboð hverju sinni og því æskilegt að ekki líði of stuttur tími á milli útboða sér í lagi þegar útboð eru tæknilega flókin. Þá er lögð áhersla á að íslenska ríkið nái

sem hagkvæmustu samningum hverju sinni óháð því hvort um kaup- eða leigusamninga er að ræða. Ljóst þykir að hagkvæmni samningsforma kann að breytast með tímanum. Ummæli í greinargerð myndu ekki binda Þjóðskrá Íslands um að gera samninga um leigu á framleiðslukerfi vegabréfa ef hagkvæmara er að semja um kaup á kerfinu eða nýta annars konar samningsform.

Kostnaður og útböð

Það er mat Þjóðskrár Íslands að dýrara sé að leigja kerfið en að kaupa það og nemi munurinn að lágmarki rúmlega 8 m.kr. og að hámarki rúmlega 42 m.kr. Ráðuneytið hefur fallist á það mat.

Á fjárlögum 2017 fékk Þjóðskrá Íslands 115 m.kr. hækkun fjárheimildar til að mæta kostnaði vegna kaupa á vegabréfabókum og framleiðslukerfi fyrir vegabréf.

Í útböðinu sem fyrirhugað er verður óskað eftir tilboðum sem innifela í sér þjónustu við kerfið allan samningstímann. Einnig verður miðað við að hægt verði að framlengja þjónustuhluta samningsins ef slíkt fyrirkomulag sé talið álitlegt.

Í drögum að útböðsskilmálum kemur fram að gert sé ráð fyrir að verksali afhendi vegabréfakerfi og að kaupverð sé greitt upp í átta jafnháum greiðslum á jafnmörgum árum. Munurinn á þessu og að staðgreiða kerfið felst þá í þeirri vaxtakröfu sem verksali gerir þegar hann stillir upp þeirri heildarfjárhæð sem á að greiðast fyrir kerfið. Helsta ástæðan fyrir þessu fyrirkomulagi er að það hefur þótt ljóst að ekki sé vilji til að staðgreiða nýtt kerfi vegna hás einskíptiskostnaðar við slíka aðgerð.

Þess ber að geta að stærstur hluti umrædds útböðs snýst um vegabréfabækur og hagkvæmast þótti að bjóða framleiðslukerfið og vegabréfabækurnar út saman og gera samning um hvoru tveggja til 8 ára, sem innifelur í sér þjónustu við kerfið, ásamt möguleika á að uppfylla framtíðarkröfur til vegabréfabóka og kerfis án þess að þar bætist við óhóflegur kostnaður.

Reykjavík 5. maí 2017.